

Hugtök

- Dragðu eitt hugtak.
- Útskýrðu hugtakið og svaraðu spurningum sem fylgja. Skráðu á A4 blað og settu í möppuna þína.
- Kynntu hugtakið fyrir bekkjarfélögunum.
- Sett í möppu.

Hugtök, einn miði á nemanda eða hóp.

Klippistöð

Skattur

1. Hvað er skattur?
2. Hver er munur á tekjuskatti og útsvari?
3. Hvað er persónuafsláttur?
4. Hvað er virðisaukaskattur?
5. Auka fróðleikur um skatt.

Lífeyrissjóður

1. Af hverju greiðir fólk í lífeyrissjóð?
2. Hverjir greiða í lífeyrissjóð og hversu mikið greiða þeir af launum sínum í hverjum mánuði?
3. Hverjir eiga peninginn sem kemur í lífeyrissjóðinn?
4. Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?
5. Aukafróðleikur um lífeyrissjóði.

Vextir

1. Hvað eru vextir?
2. Hver er munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum?
3. Hvað eru dráttarvextir?
4. Auka fróðleikur um vexti.

Stéttarfélag

1. Hvað eru stéttarfélög og hvert er hlutverk þeirra?
2. Hvað eru félagsgjöld oftast há og er skylda að greiða í þau?
3. Hvað heita heildarsamtök stéttarféлага á á almennum vinnumarkaði Íslandi? Nefnið nokkur stéttarfélög.
4. Aukafróðleikur um stéttarfélög.

Tryggingar

1. Af hverju getur borgað sig að tryggja verðmæti?
 2. Segið frá helstu tryggingum á húsnæði og hvað þær tryggja helst (bruna- og heimilistrygging).
 3. Af hverju tryggjum við bílinn með ábyrgðartryggingu?
 4. Nefnið eina til tvær aðrar tegundir trygginga.
 5. Hvað gerist ef t.d. síminn eyðileggst?
-

Laun

1. Hvað er launaseðill?
 2. Hver er munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?
 3. Hvað þýðir að vera með jafnaðarkaup?
 4. Hvað eru rauðir dagar/stórhátíðardagar?
 5. Hver er munurinn á launþega og verktaka
-

Orlof

1. Hvað er orlof?
 2. Hvað er orlofsuppbót?
 3. Hvað er desemberuppbót?
 4. Auka fróðleikur um orlof.
-

Sparnaður

1. Hver er munur á skammtímasparnaði og langtímasparnaði? Nefnið dæmi.
 2. Hver er helsti munur á bundnum og óbundnum sparnaðarreikningi?
 3. Hvort er meiri áhætta í því að setja pening inn á sparnaðareikning eða kaupa hlutabréf? Af hverju?
 4. Aukafróðleikur um sparnað.
-

Lán

1. Hvað er lán?
 2. Hver er munur á skammtímaláni og langtímaláni? Nefnið dæmi.
 3. Hvenær þurfa flestir að taka lán á lífsleiðinni? Nefnið dæmi.
 4. Hvað gerist ef þú getur ekki greitt niður lánið þitt?
 5. Aukafróðleikur um lán.
-